

FUNDARGERÐ

23. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

Fundarstaður: Ráðhús Hveragerðis

Fundartími: Mánudagur 20. febrúar 2017 kl. 15.45

Mættir: Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon. Auk þess sátu þær María Kristjánsdóttir Ingibjörg Garðarsdóttir fundinn.

Ritari fundarins: Ásgeir Magnússon

Dagskrá fundarins.

1. Fundargerð 105. fundar þjónusturáðs
2. Staða samningaviðræðna við Sólheima
3. Staða samningaviðræðna við Skaftholt, beiðni um verulega hækkun, í 137 mkr úr 82,8 mkr)
4. Staða samningaviðræðna við Kerlingardal, beiðni um verulega hækkun, í 50,9 mkr úr 36 mkr)
5. Ályktun um þörf fyrir eftirlitsstofnun (sjá 3. gr. l. 59/1992 hér að neðan)
6. Fjárhagsáætlun
7. Næstu skref varðandi uppbyggingu á búsetuúrræði á svæðinu
8. Aukaaðalfundur

1. Fundargerð 105. fundar þjónusturáðs

Lögð fram til kynningar

2. Staða samningaviðræðna við Sólheima

Farið var yfir stöðu viðræðna við forsvarsmenn Sólheima.

3. Staða samningaviðræðna við Skaftholt, beiðni um verulega hækkun, í 137 mkr úr 82,8 mkr)

Farið yfir stöðu viðræðna við forsvarsmenn Skaftholts

4. Staða samningaviðræðna við Kerlingardal, beiðni um verulega hækkun, í 50,9 mkr úr 36 mkr)

Farið yfir stöðu viðræðna við forsvarsmenn Kerlingadals

Staða viðræðna við framangreinda þjónustuaðila var rædd saman.

Samþykkt að bjóða þessum rekstararáðilum skammtímasamning sem tekur mið af rekstraráætlun 2016 sem hækkuð er um 2,4%.

Samþykkt að kynna á aukaaðalfundi tillögu um að ráðinn verðir starfsmaður til að hafa rekstrarlegt eftirlit með öllum rekstrareiningum sem sinna starfsemi fatlaðs fólks á okkar starfsvæði.

Samþykkt að óska eftir fundi með félagsmálaráðherra og forsvarsmanni jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem rætt yrði um sérstöðu Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks.

5. Ályktun um þörf fyrir yrta eftirliti (sjá 3. gr. l. 59/1992 hér að neðan)

Stjórnin hvetur ríkisvaldið til að komið verði sem fyrst á fót ytra eftirliti í samræmi við 3. gr. l. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

6. Fjárhagsáætlun

Samþykkt var fjárhagsáætlun Bergrisans fyrir árið 2017 sem gerir ráð fyrir halla upp á 63,9 milljónir.

7. Næstu skref varðandi uppbyggingu á búsetuúrræði á svæðinu

Maríu Kristjánsdóttur falið að útbúa ítarlega greinargerð um búsetuþörf á svæðinu sem tekin verður til umfjöllunar á næsta fundi stjórnar.

8. Aukaaðalfundur

Samþykkt að halda aukaaðalfund til yfirferðar um málefni fatlaðs fólks fyrir lok mars mánaðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.45

Ásta Stefánsdóttir formaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásgeir Magnússon